

Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga 2002–2006


New registrations of limited liability companies 2002–2006

Samantekt Nýskráð hluta- og einkahlutafélög voru 3.191 á síðasta ári og hefur nýskráningum því fjölgað um tæp 9% frá árinu 2005 þegar 2.938 ný félög voru skráð. Hlutfallsleg skipting nýskráninga niður á atvinnugreinar er nokkuð jöfn á milli ára en ef nýskráningar eru skoðaðar eftir landsvæðum þá eru rúmlega 71% nýskráðra félaga með lögheimili á höfuðborgarsvæðinu. Á árinu 2006 hefur nýskráningum þó fjölgað hlutfallslega mest á Suðurnesjum eða um 20% frá fyrra ári.

Aldrei fleiri nýskráningar Nýskráð hlutafélög og einkahlutafélög voru 3.191 árið 2006, þar af voru 3.166 einkahlutafélög og 25 hlutafélög. Árið 2006 var metár í fjölda nýskráninga og hefur nýskráðum hlutafélögum og einkahlutafélögum fjölgað um tæp 9% frá fyrra ári þegar 2.938 félög voru skráð. Til samanburðar var heildarfjöldi skráðra hlutafélaga og einkahlutafélaga rúmlega 24 þúsund í árslok 2005 og af þeim voru tæplega 12 þúsund sem greiddu laun á árinu.

Mynd 1. Fjöldi nýskráðra hlutafélaga og einkahlutafélaga 2002–2006

Figure 1. New registrations of limited liability companies 2002–2006



Hlutur atvinnugreina

41% af nýskráningum í fasteignaviðskiptum, leigustarfsemi og ýmissi sérhæfðri þjónustu

Flestar nýskráningar á árunum 2002–2006 eftir bálkum atvinnugreina hafa verið í fasteignaviðskiptum, leigustarfsemi og ýmissi sérhæfðri þjónustu, bálki K. Árið 2006 voru nýskráningar í þessum bálki alls 1.318 eða 41% nýskráninga. Bálfar sem næstir komu voru byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð með 506 skráningar (16%) og verslun og ýmis viðgerðarþjónusta 424 (13%).

Frá fyrra ári hefur nýskráningum fjölgað hlutfallslega mest í fræðslustarfsemi eða um 68%, fiskveiðum 34% og fjármálaþjónustu um 29%. Hinsvegar fækkar nýskráningum í tveimur bálkum atvinnugreina, í veitustarfsemi þar sem nýskráningum fækkar um 50% og í námugreftri og vinnslu hráefna úr jörðu þar sem ekkert fyrirtæki var nýskráð árið 2006.

Flestar nýskráningar í rekstri eignarhaldsfélaga

Ef einstakar atvinnugreinar eru skoðaðar án tillits til bálfar þá kemur í ljós að flestar nýskráningar árið 2005 voru í flokknum, rekstur eignarhaldsfélaga (522), því næst húsbýggingar og önnur mannvirkjagerð (350), þá leiga atvinnuhúsnæðis (337) og önnur heildverslun (130). Hér vekur athygli mikil og stöðug fjölgun nýskráninga í rekstri eignarhaldsfélaga, þar sem nýskráningar fara úr 116 eða 4% af heild árið 2002 í 522 eða rúmlega 16% af heildarfjölda nýskráninga árið 2006.

Hlutur landsvæða

Hlutfallslega mest fjölgun á Suðurnesjum

Af landsvæðum voru langflestar nýskráningar á höfuðborgarsvæðinu árið 2006, alls 2.269 eða 71% allra nýskráninga. Suðurland var með næstflestar nýskráningar eða 234 (7%), Norðurland eystra fylgdi í kjölfarið með 189 (6%) en færstar nýskráningar voru á Vestfjörðum, 57 eða rúmlega 2% af heildarfjölda árið 2006. Nýskráðum félögum fjölga í öllum landshlutum nema á Vesturlandi og Vestfjörðum þar sem nýskráningum fækkar lítillega frá fyrra ári. Hlutfallslega fjölga nýskráningum mest á milli ára á Suðurnesjum eða um rúm 20%.

Af þeim 20 atvinnugreinum sem höfðu flestar nýskráningar árið 2006 var landsbyggðin með meira en helming nýskráninga í 2 atvinnugreinum, smábátatúgerð og leiga á vinnuvélum með stjórnanda.

Að meðaltali voru 10,4 nýskráð hluta- og einkahlutafélög á hverja þúsund íbúa árið 2006. Höfuðborgarsvæðið var með flestar nýskráningar miðað við íbúafjölda eða 11,8 á hverja þúsund íbúa, Suðurland og Norðurland vestra voru með 10,2 nýskráningar á hverja þúsund íbúa, þá Suðurnes, 9,6 og Vestfirðir, 7,6. Austurland var með færstar nýskráningar miðað við íbúafjölda eða 5,9 á hverja þúsund íbúa.

English summary

In 2006, 3,191 new limited liability companies were registered, which is about 9% increase from the year 2005 when 2,938 new companies were registered. The share of new registrations by economic activities is similar between years, but distribution by regions shows that 71% of total new registrations appear in the capital region. In the year 2006, the growth rate of new registrations was highest in the Southwest region where total number of new registrations rose by approximately 20% between the years 2005 and 2006.

Tafla 1. Nýskráningar hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir yfirflokkum atvinnugreina 2002–2006Table 1. *New registrations of limited liability companies by main economic activity 2002–2006*

| Fjöldi í árslok <i>Number at end of year</i> | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| Fjöldi nýskráðra félaga, alls <i>New registrations</i> | 3.120 | 2.389 | 2.517 | 2.938 | 3.191 |
| Landbúnaður, dýraveiðar og skógrækt <i>Agriculture, hunting and forestry</i> | 81 | 65 | 43 | 73 | 87 |
| Fiskveiðar <i>Fishing</i> | 444 | 175 | 143 | 109 | 146 |
| Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu <i>Mining and quarrying</i> | 1 | 1 | 2 | 2 | 0 |
| Iðnaður <i>Manufacturing</i> | 181 | 176 | 154 | 158 | 153 |
| Veitur <i>Electricity, gas and water supply</i> | 9 | 4 | 4 | 12 | 6 |
| Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð <i>Construction</i> | 394 | 290 | 365 | 444 | 506 |
| Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta <i>Wholesale and retail trade; repairs</i> | 431 | 377 | 393 | 411 | 424 |
| Hótel- og veitingahúsarekstur <i>Hotels and restaurants</i> | 154 | 125 | 126 | 117 | 125 |
| Samgöngur og flutningar <i>Transport and communication</i> | 121 | 90 | 96 | 108 | 126 |
| Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar <i>Financial intermediation</i> | 43 | 21 | 37 | 17 | 22 |
| Fasteignaviðsk., leigustarfs. og ýmis sérhæfð þjónusta <i>Real estate and business activities</i> | 882 | 838 | 917 | 1.263 | 1.318 |
| Fræðslustarfsemi <i>Education</i> | 21 | 23 | 27 | 19 | 32 |
| Heilbrigðis- og félagsþjónusta <i>Health and social work</i> | 154 | 59 | 57 | 68 | 70 |
| Önnur samfélagsþjón., félags- og menningarstarfsemi o.fl. <i>Other services</i> | 164 | 132 | 152 | 137 | 175 |
| Ótilgreind starfsemi <i>Not specified</i> | 40 | 13 | 1 | – | 1 |

Tafla 2. Atvinnugreinar með flestar nýskráningar árið 2006Table 2. *The top 20 activities ranked by the highest number of new registrations during 2006*

| Fjöldi í árslok <i>Number at end of year</i> | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 |
|---|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| Heildarfjöldi nýskráninga <i>Total</i> | 3.120 | 2.389 | 2.517 | 2.938 | 3.191 |
| Þær 20 atvinnugreinar sem flestar nýskráningar voru í árið 2006 | | | | | |
| <i>The top 20 activities ranked by the highest number of new registrations during 2006</i> | 1.593 | 1.231 | 1.440 | 1.771 | 2.048 |
| Rekstur eignarhaldsfélaga <i>Management activities of holding companies</i> | 116 | 157 | 247 | 439 | 522 |
| Húsbyggingar og önnur mannvirkjagerð <i>Building of constructions; civil engineering</i> | 215 | 166 | 236 | 296 | 350 |
| Leiga atvinnuhúsnæðis <i>Letting of non-residential housing</i> | 259 | 221 | 277 | 377 | 337 |
| Önnur heildverslun <i>Other wholesale</i> | 38 | 45 | 59 | 77 | 130 |
| Smábátaútgerð <i>Operation fishing boats smaller than 10 GRT</i> | 389 | 147 | 109 | 90 | 122 |
| Rekstrarráðgjöf, þó ekki í landbúnaði <i>Consultancy activities, excl. agric. consultancy</i> | 55 | 78 | 75 | 77 | 71 |
| Matsölustaðir <i>Restaurants</i> | 103 | 80 | 84 | 67 | 65 |
| Framleiðsla kvikmynda og myndbanda <i>Motion picture and video production</i> | 43 | 36 | 22 | 29 | 45 |
| Önnur ótalin viðskipti og sérhæfð þjónusta <i>Other business activities n.e.c.</i> | 42 | 33 | 52 | 50 | 44 |
| Starfsemi listamanna <i>Artistic and literary creation and interpretation</i> | 25 | 30 | 42 | 24 | 42 |
| Hugbúnaðargerð; ráðgjöf varðandi hugbúnað <i>Software consultancy and supply</i> | 77 | 61 | 36 | 33 | 40 |
| Leiga á vinnuvélum með stjórnanda <i>Renting of construction equipment with operator</i> | 33 | 24 | 29 | 30 | 39 |
| Ferðaskrifstofur og önnur ótalin ferðaþjónusta <i>Travel agencies and tour operators n.e.c.</i> | 24 | 28 | 20 | 31 | 38 |
| Bílaviðgerðir og viðhald; hjólbarðaviðgerðir <i>Maintenance and repair of motor vehicles</i> | 48 | 34 | 34 | 34 | 34 |
| Kaup og sala á eigin fasteignum <i>Buying and selling of own real estate</i> | 3 | 6 | 6 | 11 | 32 |
| Raf- og boðlagnir; starfsemi rafverktaka <i>Installation of electrical wiring and fittings</i> | 38 | 29 | 31 | 30 | 30 |
| Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla <i>Other adult education and education n.e.c.</i> | 14 | 17 | 22 | 15 | 29 |
| Hárgreiðslu- og snyrtistofur <i>Hairdressing and other beauty treatment</i> | 25 | 19 | 26 | 24 | 27 |
| Hrossarækt <i>Farming of horses</i> | 14 | 9 | 10 | 20 | 26 |
| Bókhald, endursk. og skattaráðgj. <i>Accounting and auditing activities</i> | 32 | 11 | 23 | 17 | 25 |
| Aðrar atvinnugreinar <i>Other activities</i> | 1.527 | 1.158 | 1.077 | 1.167 | 1.143 |

Tafla 3. Nýskráning hlutafélaga og einkahlutafélaga eftir landsvæðum 2002–2006Table 3. *New registrations of limited liability companies by region 2002–2006*

| | 2002 | | 2003 | | 2004 | | 2005 | | 2006 | |
|---|-------------------------|---------------------------------|-------------------------|---------------------------------|-------------------------|---------------------------------|-------------------------|---------------------------------|-------------------------|---------------------------------|
| | Á hverja 1.000 íbúa | | Á hverja 1.000 íbúa | | Á hverja 1.000 íbúa | | Á hverja 1.000 íbúa | | Á hverja 1.000 íbúa | |
| | Fjöldi <i>Number</i> | <i>Per</i> <i>1.000 inh.</i> | Fjöldi <i>Number</i> | <i>Per</i> <i>1.000 inh.</i> | Fjöldi <i>Number</i> | <i>Per</i> <i>1.000 inh.</i> | Fjöldi <i>Number</i> | <i>Per</i> <i>1.000 inh.</i> | Fjöldi <i>Number</i> | <i>Per</i> <i>1.000 inh.</i> |
| Allir landshlutar <i>Total</i> | 3.120 | 10,8 | 2.389 | 8,3 | 2.517 | 8,6 | 2.938 | 9,8 | 3.191 | 10,4 |
| Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i> | 2.065 | 11,5 | 1.650 | 9,1 | 1.825 | 9,9 | 2.120 | 11,3 | 2.269 | 11,8 |
| Suðurnes <i>Southwest</i> | 135 | 8,0 | 128 | 7,6 | 108 | 6,3 | 151 | 8,4 | 182 | 9,6 |
| Vesturland <i>West</i> | 179 | 12,3 | 107 | 7,4 | 92 | 6,4 | 98 | 6,6 | 94 | 6,3 |
| Vestfirðir <i>Westfjords</i> | 128 | 16,0 | 72 | 9,2 | 49 | 6,4 | 61 | 8,1 | 57 | 7,6 |
| Norðurland vestra <i>Northwest</i> | 71 | 7,7 | 47 | 5,1 | 51 | 5,7 | 66 | 7,4 | 76 | 10,2 |
| Norðurland eystra <i>Northeast</i> | 204 | 7,6 | 166 | 6,2 | 161 | 6,0 | 166 | 6,1 | 189 | 6,6 |
| Austurland <i>East</i> | 135 | 11,5 | 84 | 7,1 | 89 | 7,2 | 77 | 5,6 | 90 | 5,9 |
| Suðurland <i>South</i> | 203 | 9,5 | 135 | 6,3 | 142 | 6,5 | 199 | 8,9 | 234 | 10,2 |

Hagtiðindi **Fyrirtæki og umsvif**
Statistical Series **Enterprises and turnover**

92. árgangur nr. 7

ISSN 0019-1078

2007:1

ISSN 1670-4517 (pappír *paper*) • ISSN 1670-4525 (pdf)Verð *Price* ISK 500 EUR 7Umsjón *Supervision* Magnús Kári Bergmann • magnus.bergmann@hagstofa.isSími *Telephone* +(354) 528 1000Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík IcelandÖllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlega getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series